

# ÁGÚST PETERSEN



*Frá Grindavík - Ólia á striga, 1977 (59x73)*

**MÁLVERKASÝNING**

**30/9 - 15/10 1978**

**KJARVALSSTAÐIR • REYKJAVÍK**



*Listamáðurinn*

### „Águst Petersen – Einskonar réttlæti“

Fátt hefur eins afgerandi áhrif á þróun myndlistarmanns og það umhverfi sem hann elst upp við og hefur það veganesti oft meira að segja en síðari menntun og lífsreynsla. Hvað er það i Vestmannaeyjum sem framkallar þessa dulúð í þeim málurum sem þar alast upp? Er það áleitin sjávarþokan eða þá nábýlið við ótrygg náttúruöfl? Í verkum eins Eyjaskeggja, Júliönu Sveinsdóttur, er þessi dulúð nær allsráðandi og kemur helst fram í teikningu í myndum hennar. Hvergi eru skil skarpt dregin, klettar samsamast hafi og bátar verða hluti af hafrótinu og sama er uppi á teningnum er hún fjallar um nánasta umhverfi sitt. Í verkum hennar eru engar glannalegar upphrópanir, – þar ráða hálfkvæðnar visur og allar merkingar eru lokkaðar fram hægt og sigandi. Það er eins og málarinn vilji ekki rjúfa þá helgi sem umlykur alla sköpunina, útskýra það sem er endanlega óútskýranlegt, heldur aðeins ýja að því sem undir niðri býr. Að útskýra ljóð er oft að ganga af því dauðu og frumstæðir menn telja sálu sinni stafa hættu af ljósmyndavélinni. Í eðli sinu er þessi afstaða snar þáttur af því sem við jafnan köllum rómantík.

Að þessu leyti er Águst Petersen beinn arftaki Júliönu, nema hvað dapurleg íhygli hennar er honum fjarri. Vissulega gerir hann sér grein fyrir



*Hús við hafid  
Ólio á stríga, 1967-78 (69 x 90)*

erfiðleikum túlkandans, en ræðst i sköpun engu að síður af nær barnslegri bjartsýni. Hann getur ekki annað. „Jú, allt er þetta nú óútskýranlegt, seisei, – en gaman að fást við það samt. Eitthvað gæti komið út úr því. Ja, maður veit aldrei“. Ekki verður Águst kallaður „teiknisnillingur“ í hefðbundinni merkingu þess hugtaks, enda byrjar hann listamannsferil sinn fyrir alvöru fulltíða maður er hann gengur til læris hjá nokkrum helstu listmálurum okkar, – Þorvaldi Skúlasyni til dæmis. En hvað sem hann hefur misst úr á því sviði á lífsleidinni, hefur Águst bætt sér margfalt með meðfæddu litaskyni, skapandi sérvísku og ísmeygilegri kímnigáfu. Kannski mætti halda því fram að þessi skortur á lipurð í teikningu gefi verkum hans einmitt þann sannfærandi frumkraft sem þau oft búa yfir. Pensillinn er einnig ritblý hans. Úr ofangreindum eiginleikum hefur Águst smátt og smátt þróað með sér myndsýn sem er nokkuð sér á parti hér um slóðir.

Það er lærdómsrikt að fylgjast með glimu hans við málverkið frá viku til viku. Águst vinnur venjulega við mörg málverk í senn, breytir og endurskoðar í sisfellu. Einn daginn er hann í öngum sinum yfir góðstórum bletti í horni landslagsmyndar. Hann er einhvern veginn ekki „réttur“ – rimar ekki. Málarinn nýr saman höndum og hristir höfuðið á sinn sérstaka hátt. Viku síðar er Águst enn með áhyggjur af sama blettinum, þótt hann hafi nú staekkað og liturinn dökknad ögn. Þó þarf æft auga til að sjá breytinguna. Næstu helgi er vandinn leystur, – bletturinn hefur aftur minnkað og tekið á sig annað blaebrigði. Málarinn leikur nú við hvern sinn fingur, hleypur fram og aftur um vinnustofuna og veifar pipunni ótt.



*Heimaklettur og Skansinn*  
Ölia á masónit, 1976 (76 x 82)

Einhver mundi eflaust flokka þetta undir smámunasemi, en slikt orð á ekki við þegar áhorfandinn sér þá alvöru og þá innilegu gleði sem fylgir „réttu“ lausninni. Myndlistarmenn eiga gjarnan í erfiðleikum með að tjá sig um það hvenær þeim sé ljóst að mynd sé lokið. Hvað Ágúst snertir skýrir hann greiðlega frá því að myndir hans séu „réttar“, ef þær samsvari ákvæðinni innlifun sem hann hefur andspænis viðfangsefninu. Vandinn er sá að skilgreina tilfinningar fremur en landslag eða eitthvað sjáanlegt, og það eru tilfinningarnar sem knýja hann til stöðugra endurskodana á verkum. Efnn læðist að honum aftur og aftur, en svo allt í einu segir myndin stopp. Að skrásetja landslag eða fólk á stríga finnst honum fánýt iðja. Sjálfur lýkur hann myndum estir minni, heima í vinnustofunni. En þessi „innlifun“ Ágústs er ekki einvörðungu takmarklaus túlkun „sjálfsins“, heldur tengist hún traustum böndum einhvers konar réttlætiskennd gagnvart fortíðinni. Margar myndir hans eru upprisjanir, leit að liðinni tið þar sem látið fólk, gamlir þjóðhættir og löngu liðnir atburðir eru skoðaðir upp á nýtt. Ágúst fer um þessi myndefni mjúkum höndum, nuddar, skefur og breiðir úr litum þangað til fólk og umhverfi birtist eins og í draumi, – draumljóð. Samt finnst honum myndir af þessu tagi ekki alveg „réttar“ fyrr en gluggar á húsi eru t.d. orðnir akkúrat 8 og rennurnar á sínum stað. En ávallt finnur hann þess konar nákvæmni myndræna samsvörum í verkum sínum, – kemur fyrir öðrum línum, öðrum áherslum sem ríma við nákvæmnina. Þá er myndin loks orðin „rétt“ og málarinn gleðst eins og barn, ekki endilega yfir hinni myndrænu lausn, heldur vegna þess að eitthvað gott hefur skeð sem ekki verður afmáð.



*Listakonan*  
Ölia á masónit, 1977-78 (46 x 40)

Portrettmyndir Ágústs þekkja nú allir og verðskulda þær sérstaka umfjöllun. Í landi persónufræðinnar hefur einhvers konar friðhelgi fylgt andlitinu, – því hefur ekki mátt umturna í málalist eins og t.d. landslagi og þaðan af síður fjalla um þekktar ásjónur af kímni. Það er verksvið skopteiknarans, segja menn. En Ágúst hefur glaðbeittur yfirstigið þau bönn, þótt óskrifuð séu þau. Satt er það, – smásríðir verða menn ekki í meðförum hans, enda er hlutverk listmálarans annað og meira en snyrtisérfræðingsins. Höfuð birtast eins og í hitamóðu, kannski ekki alltaf í heilu lagi heldur eingöngu nefið og munnsvipurinn, eins og glott Cheshire kattarins úr „Lisu í Undralandi“. Þó þekkjast menn glettilægla fljótt. Öfugt við það sem margir portrettmálarar stunda, gerir Ágúst oft litið úr augunum, „spegli sálarinnar“. Þau eru eins og óljós strik eða muskulegir dilar eða þá að þau hverfa í flekkjum á andlitinu ofanverðu. Þó skin út úr flestum myndanna sterkur persónuleiki fyrirsátanna, – eins og málarinn athugi augun til þess eins að átta sig á skaphöfn persónunnar og síðan geti hann sleppt þeim, – geri myndin þær kröfur til hans. Myndin verður að vera yfirvaldið og ráða ferðinni, þótt listamanninum sé í mun að varðveita sérstakan persónuleika. Stundum er eins og Ágúst sjái andlitið eins og landslag með hólum, hæðum og mismunandi litblað og þannig talar hann um þau, eins og staðarlýsingu. Oftar er hann gagntekinn af fyrirsætunum og leikur þá á als oddi og lýsir fasi þeirra, kækjum og hegðun með skemmtilegu látbragði. En þótt skopskyn Ágústs sé ríkur þáttur í portrettmyndum hans, er langt frá því að hann sé að gera gys að fyrirmundunum. Tilgangur hans er eins og ávallt, að búa til mynd sem er „rétt“ og „sönn“.



*Ellidsey*  
*Olia á masónit, 1976-78*  
*(50 x 69)*

Painter Águst Petersen (b. 1908), is one of a special breed of Icelandic artist, the largely self-taught landscape painter, but unlike most of them he has been guided by a creative eccentricity, a fine sense of humour and an innate feeling for colour. These have stood him in good stead during the last twenty-five years or so, during which time Petersen has carved himself a special niche within the artistic community in Iceland. He was born and brought up in the Westman Islands where he, like so many other artists from the same area, became aware of the uneasy truce that existed between man and nature. There was always the possibility of volcanic eruptions, vicious storms and thick and isolating sea fog. This awareness may have contributed to the romantic attitude found in his paintings as a whole, – they exude a sense of mystery, where nothing is clearly defined, but rather veiled and uncertain, – hanging in the balance. Yet Petersen himself is very much an optimist who delights in existence in an almost child-like fashion. He is acutely aware of the difficulties and pitfalls of creation, yet determined to have a go in the hope of discovering something new and valuable, – an almost moral undertaking for him.

A housepainter by profession, Petersen discovered his true vocation relatively late and spent his middle years trying to make up for his lack of formal training. Earlier this disadvantage tended to affect his paintings and watercolours adversely but with characteristic pluck he has managed to turn his shortcomings into an expressive vehicle, largely due to his fine sense of colour values.



*Kristin frá Skálpastöðum*  
*Olia á pappa, 1970 (60 x 45)*

Many of his paintings are reminiscences, – portraits of dead friends, old local customs, landscapes seen long ago or houses that have now disappeared. Petersen paints them from memory in his basement studio, but never succumbs to mere storytelling like the truly primitive painter. He is very aware of pictorial values and the demands of the picture plane, and in any case he is more interested in capturing the essence of what he sees or remembers, rather than elaborate on details.

Petersen's portraits are a special aspect of his art. They are again from memory and depict various well-known people in Iceland, as well as friends, and have aroused puzzlement in some quarters. But there is no malice or deliberate caricature in them, but rather an affectionate sense of humour which many Icelanders have hitherto presumed was the exclusive prerogative of the newspaper cartoonist. Petersen is trying to capture a personality, to be sure, but he is also satisfying the demands of each picture, and should the picture require it, he willingly distorts the features he is working with. Petersen's portraits are rarely flattering in the traditional sense, but the best of them combine a formal boldness and a gentle good humour to a high degree.

Petersen has now had a score of one-man shows in Iceland and has taken part in numerous group shows all over Scandinavia. His works are to be found in all the major Icelandic museums, the National Gallery, the Labour Gallery, the City of Reykjavik collection and Kópavogur Town Collection, to name a few, as well as in private collections.

**Texti:** Ásthórasen Ingólfsson  
**Ejðamyndir af málverkum**  
og höfnum sýningarskrá: Rafn Hafnljörð.  
**Litgreining:** Myndamít hf.  
**Setsing og printun:** LITBRAÁ-offset.

## MYNDASKRÁ

### Olíumálverk

- 1 Heimaklettur og Skansinn 1976
- 2 Einara 1978
- 3 Frá Vestmannaeyjum, Hlíðarhús 1975-'78
- 4 Í rökkru 1978
- 5 Frá Húsafelli 1978
- 6 Við Smiðjustíg 1978
- 7 Með björg í bú 1978
- 8 Góð samviska 1968
- 9 Eyjólfsstaðir í Vatnsdal 1975
- 10 Vala 1976
- 11 Vetrarsólhvörf 1978
- 12 Frá Ströndum 1978
- 13 Bóndinn á Kirkjubóli 1976
- 14 Hjörtur Kristmundsson 1976-'77
- 15 Gylfi Gíslason 1976
- 16 Gylfi Gíslason 1977-'78
- 17 Gunnar Þormar 1976
- 18 Gísli Ástþórsson 1968-'70
- 19 Guðný 1970
- 20 Hrólfur 1977
- 21 Pór Mangússon 1968-'78
- 22 Gunnar Bergmann 1976
- 23 Gunnar Bergmann 1976
- 24 Pór Magnússon 1970
- 25 Telpa með gulhvitt hár 1975
- 26 Móðir Konráðs 1975
- 27 Kona með svart hár 1970

### Hlíðarhús

Hlíðarhús er eitt af elztu tómthúsunum í Eyjum. Það hús keypti Gisli Stefánsson, kaupmaður 1869, er hann flutti frá Selkoti undan Eyjafjöllum til Vestmannaeyja. Þegar Gisli keypti húsið af Sveini beyki á Löndum, hét húsið Torfbækk, sem þýdir Torfalækur. Þar bjó þá Torfi Magnússon, faðir Magnúsar Torfasonar sýslumanns. Húsið hét áður Jónshús. Þegar Gisli keypti húsið var það ein hæð með háu risi. Gisli breytti svo húsinu í tveggja hæða hús eins og það er nú í dag og skírði það Hlíðarhús.

Í manntalinu frá 1837 býr S. Ringsted verzlunarstjóri í Jónshúsi, ásamt konu sinni Helgu Ringsted.

Í Bliki Þorsteins Viglundssonar skólastjóra segir svo á bls. 16 í 19. árgangi 1958: Ungu hjónin Jón og Sigríður völdu sér hússtæði nálægt höfninni. Þær sinn eða tómthús byggðu þau á haðinni suður af krónum, sem stóðu við Strandveginn. Hús þeirra hjóna var kennt við bónann, sem byggði það eins og venja var í Eyjum og kallað Jónshús. Þar er nú Hlíðarhús. Hjónin, sem byggðu Jónshús, hétu Jón Þorbjörnsson og Sigríður Einarssdóttir. Þau munu hafa byggt það árið 1825. Jón Þorbjörnsson hrapaði úr byrgi í Fiskhellum árið 1830 og lézt nokkru síðar. Sigríður Einarssdóttir, ekkja Jóns giftist aftur Vigfúsi Bergssyni frá Stakagerði, þau fluttu að Stakagerði árið 1832 frá Jónshúsi. Sonur Sigríðar og Vigfúsar Bergssonar var Jón Vigfússon í Túni, faðir Guðjóns á Oddsstöðum og þeirra systkina.

- |    |                              |                      |          |                           |                       |                     |                      |                          |         |      |
|----|------------------------------|----------------------|----------|---------------------------|-----------------------|---------------------|----------------------|--------------------------|---------|------|
| 28 | Erfiðismaður í Grindavík     | 1977                 | 59       | Vetur                     | 91                    | Kristján Daviðsson  | 1978                 |                          |         |      |
| 29 | Ólöf Jónsdóttir              | 1975-'78             | 60       | Sumar í Þórsmörk          | 92                    | Hús við hafið       | 1967-'78             |                          |         |      |
| 30 | Jón Júliusson                | 1977                 | 61       | Á berangri                | 93                    | Morgunn í eyjum     | 1978                 |                          |         |      |
| 31 | Einara                       | 1973                 | 62       | Kvöld við Vatnsenda       | 94                    | Frá Kaldárseli      | 1968                 |                          |         |      |
| 32 | Fjósböðun                    | 1978                 | 63       | Vetur                     | 95                    | Andrés Kristjánsson | 1968                 |                          |         |      |
| 33 | Mikið í húfi                 | 1977                 | 64       | Úr Saltvík                | 96                    | Listfræðingurinn    | 1977                 |                          |         |      |
| 34 | Garðurinn                    | 1975                 | 65       | Við Vatnsenda             | 97                    | Frá Snæfellsnesi    | 1978                 |                          |         |      |
| 35 | Örfirisey                    | 1929, einkaeign      | 1977-'78 | 66                        | Árið fyrir gos        | 98                  | Haust                | 1975                     |         |      |
| 36 | Heiði                        | 1975                 | 67       | Vetur                     | 99                    | Úr Grindavík        | 1977                 |                          |         |      |
| 37 | Nótt við vatnið,             | einkaeign            | 1968     | 68                        | Við Vatnsenda         | 100                 | Draugur              | 1978                     |         |      |
| 38 | Æskuslóð                     | 1978                 | 69       | Vetur í Vatnsdal          | 101                   | Húsið við hafið     | 1974-'75             |                          |         |      |
| 39 | Sátur                        | 1977                 | 70       | Við Gróttu                | 102                   | Guðmundur           | 1978                 |                          |         |      |
| 40 | Úr Grindavík                 | 1978                 | 71       | Sumarnótt í Kjós          | 103                   | Frá Grindavík       | 1977                 |                          |         |      |
| 41 | Ásmundur Sveinsson,          | eigandi Þjóðm.safnið | 1968     | 72                        | Við Hafnarávatn,      | einkaeign           | 104                  | Kristín frá Skálpastöðum | 1972    |      |
| 42 | Á heiðinni                   | 1974                 |          |                           |                       |                     | 105                  | Siðsumar                 | 1975    |      |
| 43 | Rosi                         | 1975-76              |          |                           |                       |                     | 106                  | Vala úr Grindavík og     |         |      |
| 44 | Úr Grindavík                 | 1974-'75             |          |                           |                       |                     |                      | Guðmundur hennar         | 1978    |      |
| 45 | Við hamarinn                 | 1975                 | 73       | Horfinn heimur            | einkaeign             | 1975-'78            | 107                  | Kona í rauðum kjól       | 1968    |      |
| 46 | Skreiðarkarlar,              | einkaeign            | 1978     | 74                        | Aðalsteinn Ingólfsson | einkaeign           | 1978                 | 108                      | Við sjó | 1975 |
| 47 | Við hafið                    | 1975                 | 75       | Eiðið                     | 1978                  | 109                 | Morgunn við fjörðinn | 1975                     |         |      |
| 48 | Hafspokan                    | 1968-'70             | 76       | Haust                     | 1978                  | 110                 | Uppstilling          | 1974-'75                 |         |      |
| 49 | Að kvöldi dags               | 1977                 | 77       | Morgunn við Ræningjaflöt  | 1968                  | 111                 | Úr Vatnsdal          | 1973-'75                 |         |      |
| 50 | Kvöld í vinnustofu Guðmundar | 1978                 | 78       | Sólarfljóð í Guðbrandsdal | 1976-'77              | 112                 | Andlit               | 1978                     |         |      |
|    | Vatnslitir og oliukrit       | 1970-1978            | 79       | Frá Hveravöllum           | 1978                  | 113                 | Listakonan           | 1978                     |         |      |
| 51 | Úr Vatnsdal                  |                      | 80       | Eyvindur og Halla         | 1968-'78              | 114                 | Andlit               | 1977                     |         |      |
| 52 | Heiðin                       |                      | 81       | Frá Vestmannaeyjum        | við Kaplagötu         | 1968                | 115                  | Ragnheiður               | 1977    |      |
| 53 | Haust                        |                      | 82       | Gunnar Þormar             | í starfi              | 1976-'78            | 116                  | Ragnheiður               | 1978    |      |
| 54 | Við Kleyfarvatn              |                      | 83       | Ragnheiður                | 1977-'78              | 117                 | Ragnheiður           | 1977                     |         |      |
| 55 | Vetur í Vatnsdal             |                      | 84       | Kvöld í Þórsmörk          | 1968                  |                     |                      |                          |         |      |
| 56 | Úr sveitinni                 |                      | 85       | Niðstöng                  | 1978                  |                     |                      |                          |         |      |
| 57 | Frá Norðfirði                |                      | 86       | Drasl                     | 1975                  |                     |                      |                          |         |      |
| 58 | Frá Hornströndum             |                      | 87       | Við hamarinn              | 1968                  |                     |                      |                          |         |      |
|    |                              |                      | 88       | Guðmundur                 | 1978                  |                     |                      |                          |         |      |
|    |                              |                      | 89       | Frá Hornströndum          | 1975                  |                     |                      |                          |         |      |
|    |                              |                      | 90       | Á stöðli                  | 1968                  |                     |                      |                          |         |      |